



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnun

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna skýrslu (US220022).

Á fundi skipulagsráðs þann 26. janúar sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um heildarkostnað greiningarvinnu og skýrslugerðar umhverfis- og skipulagssviðs um áhrif hámarkshraðaáætlunar Reykjavíkur á ferðatíma Strætó. Um var að ræða innanhúsvinnu. Óskað er eftir upplýsingum um tímafjölda sem fór í verkið og annan kostnað sem og heildarkostnað. Bedið var um verkið af meirihlutanum og Strætó sem hafði áhyggjur af því að lækkun hámarkshraða myndi hægja á Strætó.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 2. febrúar sl.

Svar við fyrirspurn:

Líkt og fram kemur í fyrirspurninni var um að ræða innanhúsvinnu innan umhverfis- og skipulagssviðs. Ekki er haldið sérstakt bókhald um fjölda tíma sem fara í hvert verkefni innan skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar. Umrædd skýrslugerð var hluti af vinnu skrifstofunnar við umferðaröryggisáætlun og gera má ráð fyrir að líkanið sem var útbúið muni nýtast við fleiri verkefni, svo sem við mat á áhrifum af fækkun biðstöðva, breytinga á gatnamótum, hraðahindrunum o.þ.h.

Gróflega má áætla að vinna við líkanið og skýrsluna hafi tekið um 2 mánuði miðað við eitt stöðugildi í fullu starfi.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri